

**17. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
8. mars 2021, kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Hattardalur, uppskipting landeigna - 2103002

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Sverri Péturssyni dags. 2.3.2021 þar sem óskað er eftir uppskiptingu lands og stofnun lóðar í landi Meiri-Hattardals I L141419 og Meiri-Hattardals II L141420.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðar í landi Meiri-Hattardals I og Meiri-Hattardals II sbr. jarðalög nr. 81/2004 og skipulagslög nr. 123/2010. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að heimila stofnun lóðar í landi Meiri-Hattardals I, L 141419 og Meiri-Hattardals II, L141420.

Samþykkt

2. Deiliskipulag inn af Langeyri - 1901001

Tekið fyrir deiliskipulag af Langeyri eftir auglýsingu. Tillagan var auglýst heimasíðu hreppsins frá 21. janúar 2021 til og með 4. mars 2021.

Engin athugasemd barst við tillöguna.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd beinir því til sveitarstjórnar að deiliskipulagsbreytingin verði send til Skipulagsstofnunar til afgreiðslu skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt

3. Svæði undir garðaúrgang í Súðavíkurbreppi - 2102010

Tekið fyrir að nýju fyrirkomulag fyrir garðaúrgang og annan óvirkan úrgang frá sveitarfélaginu.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til að garðaúrgangur verði áfram á sama stað og verið hefur. Lagfæra þarf veginn upp í grjótnámu og veita yfirborðsvatni í réttan farveg.

Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.

Samþykkt

4. Beiðni um umsögn v.lax og regnbogaeldi í Ísafjarðardjúpi - 2102011

Tekið fyrir erindi frá Skipulagsstofnun dags. 15. febrúar 2021 er varðar beiðni um umsögn á allt að 6800 tonna ársframleiðslu á laxi og regnbogasilungi í sjókvíum Háafells í Ísafjarðardjúpi.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar fyrir regnbogasilungi annars vegar og lax hins vegar. Einungis er um

*að ræða að heimilt sé að nota regnbogasilung í stað lax.
Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir jafnframt á að í
Hafnarreglugerð fyrir Súðavík frá 18. ágúst 2005 eru takmörk hafnarinnar skilgreind
sem, bein lína, sem hugsast dregin úr Þormóðarnesi yfir Álftafjörð í Rauðanef á
Kambarnesi, bein lína úr Þórðarsteinum yfir Álftafjörð í Hamar á Sjötúnahlíð og ströndin
innan þeirrar línu.*

*Í lið 2i í 2 viðauka laga nr. 106/2000 segir „Staðsetning framkvæmdar. Athuga þarf
hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, einkum með
tilliti til: landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt
skipulagsáætlun“.*

*Nefndin leggst því gegn því að kvíar séu staðsettar innan hafnarmarka og siglingaleiða
inn Álftafjörð því fyrir liggja uppbyggingaráform á Langeyri með nýrri höfn, landfyllingu
og verksmiðju.*

Fundi slitið kl. 17:00.

Anna Lind Ragnarsdóttir

Hulda Gunnarsdóttir

Samúel Kristjánsson
